



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☎ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Fljótsdalshérað
Ómar Þröstur Björgólfsson
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 2. október 2006

Tilvísun: UST20060900032/bs

Breyting á svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998-2010. Umsögn

Vísað er til bréfs skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs dags. 7. september sl. þar sem komið er á framfæri tillögu að breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 vegna breytinga á legu Hringvegur 1 frá Ármótaseli að Skjöldólfsstöðum II. Í ofangreindri tillögu er núverandi vegur sunnan Gilsár sýndur á uppdrætti og er hann skilgreindur sem varaleið vegna snjóflóðahættu á vegstæði meðfram Skjöldólfsstaðahnjúk.


Í umsögn Umhverfisstofnunar um fyrrnefnda breytingu á legu Hringvegur í Jökuldal lagði stofnunin til að núverandi vegur yrði fjarlægður sunnan Gilsár. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 2. júní 2006 um matsskyldu vegagerðar meðfram Skjöldólfsstaðahnjúk kemur fram afstaða Vegagerðarinnar: *Ekki sé ráðlegt að fjarlægja núverandi veg um Arnórsstaðamúla að svo stöddu. Ástæðan sé hætta á snjóflóðum úr Skjöldólfsstaðahnjúk og snjósjöfnun.*

Heimamenn hafi lýst yfir áhyggjum af þessum þáttum og því telji Vegagerðin rétt að láta núverandi veg standa þar til reynsla sé komin á þessa þætti. Verði ekki talin þörf á að halda núverandi vegi síðar meir verði hann jafnaður út.


Í ljósi þess að hér er ekki um varanlegan veg að ræða telur Umhverfisstofnun orka tvímælis að sýna legu núverandi vegar sunnan Gilsár á umræddu svæðisskipulagi.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson

Afrit: Skipulagsstofnun


Helgi Þorsson

Forstöðumaður